

Jónsmessunefnd

11. febrúar 2026

Sölvhóls götu 7.

Mætt: Aðalsteinn Þorsteinsson, Arnar Þór Sævarsson, Guðni Geir Einarsson, Hermann Sæmundsson, Jóhanna Sigurjónsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Marta Guðrún Skúladóttir. Auk þess sátu fundinn Árni Sverrir Hafsteinsson og Björn Ingi Óskarsson frá innviðaráðuneytinu og Saga Guðmundsdóttir og Þórdís Sveinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

1. Fjármálaáætlun 2027-2031. Vinna við afkomuspá og efnahagslegar forsendur á tímabili fjármálaáætlunar.

Marta Guðrún Skúladóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu fór yfir helstu tímasetningar og vinnutilhögun varðandi samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga. Verður boðað til aukafundar vegna þessa eða rætt á næsta fundi nefndarinnar í mars.

Rætt um verkefni sem styðja við fjárhag sveitarfélaga, s.s. að endurhugsa og endurhanna eftirlit og fjárhagslegan viðbúnað gagnvart sveitarfélögunum. Verður rætt á fundi Jónsmessunefndar í mars.

2. Sveitarstjórnarlög.

Björn Ingi Óskarsson frá innviðaráðuneytinu fór yfir stöðuna á frumvarpinu og helstu breytingar frá breytingalagafrumvarpinu sem kynnt var í samráðsgátt. Gert er ráð fyrir að innviðaráðherra mæli fyrir frumvarpinu á Alþingi í febrúar 2026.

3. Frumvarp um fasteignamat orkumannvirkja.

Árni Sverrir Hafsteinsson og Björn Ingi Óskarsson frá innviðaráðuneytinu kynntu drög að væntanlegu frumvarpi til breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og reiknilíkani fyrir skiptingu fasteignaskatts. Bæði frumvarpið og reiknilíkanið eru enn í vinnslu en ráðgert er að drög að frumvarpi og líkani verði kynnt í ríkisstjórn um miðjan febrúar, þar sem lagt verður til að frumvarpið og líkanið verði birt í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar.

4. Endurhönnun á álagningarkerfi fasteignagjalda.

Þórdís Sveinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga kynnti minnisblað um ofangreint. Fram kemur í minnisblaðinu að kerfið sé komið til ára sinna, mikil áhætta er um rekstraröryggi kerfisins og mælist Sambandið til þess að fjármála- og efnahagsráðuneytið eða arfleðasjóður fjármagni nýtt álagningarkerfi fasteignagjalda í samstarfið við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS). Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun boða Sambandið á fund með HMS þar sem álagningarkerfið og fjármögnun þess verður tekið til umræðu.

5. Samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga. Undanþágur frá álagningu fasteignaskatts.

Umræðu frestað.